

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 1. stjórnarfundar haldinn þann 6. mars. 2024 í Arnarhvoli við Lindargötu.

Mætt voru: Guðrún Þorleifsdóttir stjórnarmaður og Hrafn Hlynsson varamaður.

Varamaður ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1 Tillaga um hækkun á hlutfé félagsins, breyting á samþykktum og boðun hluthafafundar.

Áformað er að opna fyrir stafrænar umsóknir í gegnum miðlægan þjónustuvef Ísland.is mánudaginn 11. mars nk. þar sem hægt verður að óska eftir því að félagið gangi frá kaupum á eignum sem falla undir gildissvið laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Stjórn félagsins leggur af þeim sökum til að gengið verði frá heimild til að hækka hlutfé félagsins um allt að 34.964 m.kr. í samræmi við drög að stofnefnahagsreikningi félagsins sem tekur mið af því að allar fasteignaeigendur sem löggin ná til taki þátt í úrræðinu, sem og allir lánveitendur.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Lagt er til að heimilt verði að auka hlutfé félagsins um allt að kr. 35.944.000.000,- sem gildir út árið 2024.

Samhliða er lögð til eftirfarandi breyting á 4. gr. í samþykktum félagsins:

Hlutfé félagsins er 20 m.kr. - tuttugumilljónkróna. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. - ein króna - að nafnvirði.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé, samtals um allt að kr. 35.944.000.000,- að nafnvirði. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Hlutfé félagsins eftir hækkun verður kr. 35.964.000.000,- verði heimild til hækkunar hlutfjár að fullu nýtt. Framangreind heimild stjórnar Fasteignafélagsins Þórkötlu ehf. rennur út 31. desember 2024. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið að fullu nýtt.

Tillagan var samþykkt af stjórn félagsins og varamanni falið að boða til hluthafafundar þann 7. mars nk. fyrir hönd stjórnar þar sem tillagan verður lögð fram til afgreiðslu.

2 Tillaga um breytingu á stjórn frá hluthafa sem lögð verður fram á hluthafafundi.

Fyrir liggur að hluthafi hefur óskað eftir að leggja fram breytingar á stjórn félagsins þar sem stjórnarmönnum verður fjölgað úr einum í þrjá og varamönnum fjölgað úr einum í tvo í samræmi við heimildir í samþykktum félagsins.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:30.

Guðrún Þorleifsdóttir
Hrafn Hlynsson